

98. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn fimmtudaginn 6. október 2022, kl. 12:00, að Engihjalla 8.

Mætt voru: Kristín Amý Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ólafur Björnsson, Ásgeir Haukur Guðmundsson, Friðrik Ómarsson og Katrín Helga Reynisdóttir. Einnig sat Björn Jónsson framkvæmdastjóri fundinn.

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn klukkan 12:05 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Fundargerð 97. stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt af fundarmönnum.

3. Tilkynning til fyrirtækjaskrár

Tilkynning til fyrirtækjaskrár um breytingar á stjórn var lögð fram til undirritunar stjórnarmanna. Rætt var um hvort að boða eigi varamenn á stjórnarfundum sem áheyrnarfulltrúa, ef þeir óska þess. Umræður urðu um málið og ákveðið að boða varamenn eingöngu þegar að aðalmenn boða forföll. Ítreka skal fyrir stjórnarfólki að upplýsa tímanlega um forföll til að boðun varamanna verði skilvirk.

4. Skóp – húsnæðismál og fræðsluáætlun

Framkvæmdastjóri upplýsti að núverandi húsnæði Skóp sé orðið of lítið fyrir starfsemina og að hafin sé leit að nýju húsnæði. Lítið framboð er af skrifstofuhúsnæði í mið- og vesturbæ Kópavogs. Húsnæði í Vesturvör sem hentað gæti starfseminni hefur verið skoðað en það er of stórt fyrir starfsemina í dag en gæti passað framtíðar þörfum eins og þær eru skilgreindar í nýrri viðskiptaáætlun fyrir Skóp. Leigusali vill leigja húsnæðið í einu lagi og er nú verið að skoða mögulegt samstarf um leigutöku í samstarfi við þriðja aðila, sem tímabundið yrði samleigjandi.

Fræðsluáætlun fyrir þátttakendur Skóp var kynnt. Fram kom að reglulegir fræðslufundir verði haldnir í aðstöðu Skóp í haust og vetur og mun framkvæmdastjóri með stuðningi samstarfsaðila sjá um fræðslumálin og kostnaði þannig haldið í lágmarki.

5. Götu- og torgsala

Erindi Markaðsstofu Kópavogs til Bæjarráðs Kópavogs varðandi setningu reglna um Götu- og torgsölu var tekið fyrir á 3101. fundi Bæjarráðs Kópavogs þann 6. október. Afgreiðsla bæjarráðs var „Bæjarráð samþykkir með fimm atkvæðum að vísa erindinu til bæjarlögmanns til úrvinnslu“.

6. Hádegisfundur

Rætt var um hádegisfundum Markaðsstofu Kópavogs. Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um að næsti hádegisfundur verði um „Nýsköpun í Kópavogi“ og verði haldinn 26. október nk. Fram kom að Stefán Reynisson framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækisins Teledyne Gavia á Kársnesi sé tilbúinn að halda erindi um mikilvægi nýsköpunar og fara yfir sögu fyrirtækisins og helstu áskoranir sem fylgja frumkvöðlastarfsemi.

Umræður urðu um mikilvægi fræðslufunda fyrir sýnileika Markaðsstofunnar og fram komu tillögur að mögulegu efni næstu funda sem framkvæmdastjóra var falið að halda utan um.

7. Rekstraruppgjör janúar til ágúst

Átta mánaða rekstraruppgjör var kynnt. Fram kom að tekjur séu tæplega 25 m.kr. og að gjaldfærður kostnaður sé um 26 m.kr. Tekjur og gjöld hafa hækkað um rúmlega 70% frá fyrra ári sem orsakast af rekstri Skóp annars vegar og þátttöku í sýningunni Verk og vit 2022 hins vegar, en Markaðsstofan greiddi fyrir þátttöku Kópavogs á sýningunni og endurrukkaði Kópavogsbæ fyrir útlögðum kostnaði án álags.

8. Markaðsmál

Á síðasta stjórnarfundum Markaðsstofunnar var ákveðið að framkvæmdastjóri ásamt Amý stjórnarformanni og Kristjáni Inga stjórnarmanni myndu rýna markaðsmálin og leggja fram tillögur um aðgerðir fyrir stjórn á næsta stjórnarfundum.

Á vinnufundi þessara aðila var ákveðið að segja upp samstarfssamningi við markaðsfyrirtækið Zocial og færa markaðsmálin nær starfseminni. Kristján Ingi sem rekur markaðsfyrirtækið Tekt bauð í kjölfarið fram aðstoð sína á mun hagstæðari kjörum en verið hefur. Þar sem Kristján situr í stjórn Markaðsstofunnar var málið lagt fyrir fundinn til umræðu.

Kristján vék af fundi.

Umræður urðu um málið og samhljómur um að ekki væri forsvaranlegt að gera samning við Tekt vegna hættu á hagsmunaárekstrum og mögulegri neikvæðri umræðu. Ákveðið að framkvæmdastjóri og stjórnarformaður vinni málið áfram.

9. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.